



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

16.11. 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt, þingmál 22.

Í frumvarpinu er lögð til 25% afturvirk hækkun á því lágmarki nettóeignar þar sem skerðing vaxtabóta hefst, en í því felst að vaxtabætur sem ákvarðaðar voru við álagningu ársins 2006 verði endurskoðaðar. Er þetta gert í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þann 22. júní sl. sem tengdist samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga þar sem segir: „Ríkisstjórnin lýsir sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kemur við niðurstöðu álagningar í ágúst nk. að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefur leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum.“

Í greinargerð er áætlað að breytingin kosti ríkissjóð um 500 m.kr. sem felur í sér að vaxtabætur í ár verði 200 m.kr. umfram það sem reiknað var með í fjárlögum þessa árs, þ.e. að þær verði 5,3 milljarðar króna í stað 5,1 milljarðs króna. Verður að telja að þessi hækkun á framlagi ríkissjóðs teljist fullar efndir á þeim fyrirheitum sem gefin voru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Uppruni þessa máls er að mikil hækkun fasteignaverðs undanfarin ár hefur aukið hreinar eignir heimila með þeim afleiðingum að vaxtabætur hafa lækkað eða fallið niður hjá stórum hópi. Þiggjendum vaxtabóta fækkaði um um 10 þúsund (hjón taldir sem 2 einstaklingar) milli árána 2005 og 2006, eða úr 53 þúsund 43 þúsund samkvæmt upplýsingum sem fjármálaráðueytið hefur lagt fram í meðförum málsins. Þá hefur vaxandi kaupmáttur undanfarin ár stuðlað að lækkun bóta og fækkun bótaþega vegna tekjutengingar bótanna.

Heildargreiðslur vaxtabóta ríkissjóðs fóru vaxandi fram til ársins 2003, og komust í mest í 6,2 milljarða króna á verðlagi ársins 2005, en hafa frá þeim tíma farið lækkandi og munu nema um 5 milljörðum króna á þessu ári á sama verðlagi, nái þetta frumvarp fram að ganga. Í meðfylgjandi töflu kemur einnig fram hækkun markaðsverðs íbúðarhúsnæðis á landinu öllu hefur rúmlega tvöfaldast frá mars 2000, skv. upplýsingum Hagstofu Íslands, en skerðingarmörkin hafa hingað til einungis hækkað um 17%. Á síðasta ári nam hækkunin 28,5% og á þessu verður hún um 17%. Hækkunin var enn meiri á höfuðborgarsvæðinu, eða um 33% á síðasta ári en verður líklega rúm 16% á þessu ári.

Mikil hækkun fasteignaverðs og auknir lánamöguleikar heimilanna hafa leitt til þess að virkni vaxtabótakerfisins hefur breyst verulega. Annars vegar veldur skerðing vegna aukinnar hreinnar eignar heimila því að fólk fær vaxtabætur í færri ár en áður var og hins vegar fá bótaþegar hærri bætur en áður vegna meiri skuldsetningar nýrra íbúðakaupenda. Samanburður



á álagningu áráanna 2005 og 2006 sýnir þetta glögglega þar sem bótaþegum fækkar mikið samhliða verulegri hækkun meðaltals vaxtabóta pr. heimili.

Vaxtabætur á breytilegu og föstu verðlagi 2000-2006, þróun markaðsverðs íbúðarhúsnæðis og skerðingarmörk vaxtabóta vegna hreinnar eignar einstaklings

	Vaxta- bætur, m.kr.	Vísitala neyslu- verðs	bætur á verði 2005	Markaðsverð íbúðarhúsnæðis, landið allt	Hækkun markaðs- verðs	Skerð.-mörk einst. vegna eigna, m.kr.	Hækkun skerðingar- marka
2000	4.309	199,1	5.283	Mars=100		3,2	
2001	4.721	212,4	5.426	110,6		3,3	
2002	5.117	222,6	5.611	115,9	4,8%	3,4	3,0%
2003	5.756	227,3	6.181	129,4	11,6%	3,5	2,75%
2004	5.458	234,6	5.679	143,0	10,5%	3,6	2,5%
2005	5.088	244,1	5.088	183,8	28,5%	3,7	3,0%
2006*	5.300	260,0	4.976	215,0	17,0%	4,7	25,0%

* Tölur ársins 2006 eru áætlaðar

Heimildir: Ríkisreikningur, Hagstofa Íslands

Undanfarin ár hefur gífurleg þensla ríkt í fasteignaviðskiptum og á nýbyggingarmarkaði og hefur aldrei verið byggt meira íbúðarhúsnæði á landinu en á þessu ári. Spár standa til þess að framkvæmdastig verði áfram hátt. Gríðarleg aukning útlána til kaupa og bygginga á íbúðum hefur átt stóran þátt í því að stuðla að of mikilli þenslu í efnahagslífinu, umframtírsþurn eftir starfsfólki á vinnumarkaði og mikilli verðbólgu sem ítrekað hefur ógnað áframhaldandi gildi kjarasamninga. Fasteignamarkaðurinn hefur verið megin aflvél verðbólgu undanfarin ár og knúið Seðlabankann til þess að hækka vexti, sem síðan hefur leitt til hækkandi gengis krónunnar, erfiðleika hjá fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni og mikils viðskiptahalla.

Stjórnvöld bera ábyrgð á því að jafnvægi ríki í efnahagslífinu og þurfa að stuðla að því markmiði með aðhaldi að útgjöldum og afgangi af rekstri ef of mikil þensla ríkir í efnahagslífinu. Af þeim sökum er óráðlegt að hækka vaxtabætur við ríkjandi aðstæður, bæði vegna þess að þær stuðla að þenslu á íbúðamarkaði, sem þarf að draga úr, og minnkandi afgangi af fjárlögum og þar með minnkandi aðhaldi hins opinbera.

Frumvarp þetta er sett fram til þess að efna fyrirheit sem sett voru fram í tengslum við samninga milli ASÍ og SA í júní síðastliðnum. Samtök atvinnulífsins styðja því að umrætt frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri